




Reykjavík, 23.maí. 2024

Fálkagata 20B – fyrirspurn til byggingarfulltrúa – USK24040241

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. maí 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2024 þar sem spurt er hvort megi stækka glerskála til vesturs upp að nágrannalóð á lóð nr. 20b við Fálkagötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í aðalskipulagi er lóðin með skilgreinda landnotkun íbúðarbyggð (íb).

Í gildi er eftirfarandi deiliskipulag: Fálkagötureitir, samþykkt: 28.05.2008.

Umsögn

Árið 2017 var samþykkt að breyta bakhúsinu í íbúð. Óskað er eftir að stækka glerskála um 7,4 fermetra. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að stækka skálann. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilað að byggja litlar viðbyggingar í samræmi við byggingarstíl hússins. Verndun byggðarmynsturs er á reitnum og þarf því að sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga samkvæmt deiliskipulagi.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við fyrirspurnina, samræmist gildandi deiliskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri